

Miðvikudaginn 1. nóv. 1933.

Nr. 58/1933. **Valdstjórnin** (Th. B. Lindal)

gegn

Elíasi Finnssyni Holm

(Lárus Jóhannesson).

Áfengislagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 31. marz 1933:
Kærði, Elías Finnsson Hólm, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar er tekið fram í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi kom kærði hinn 21. marz þ. á. kl. á 12. tímanum um kvöldið inn á veitingahúsið Reykjavíkur Bar og hafði þá á sér tvær flöskur af portvíni, er hann hafði keypt í áfengisverzlun ríkisins. Með þessu hefir hann gerzt brotlegur gegn 10. gr. í reglugerð nr. 108, 6. nóv. 1931, sem er sett samkvæmt heimild í 45. gr. áfengislaganna nr. 64 1930, og ákveðst refsing hans fyrir brot þetta samkvæmt 41. gr. nefndra áfengislaga 200 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Elías Finnsson Holm, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og komi 15 daga einfalt

fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Theódórs B. Línadal og Lárusar Jóhannessonar, 50 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Elíasi Finnssyni Hólmi, kaupmanni, Hallveigarstig 8 hér í bænum, fyrir brot gegn reglugerð nr. 108, frá 6. nóvember 1931 og áfengislögum nr. 64, 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Að kvöldi hins 21. þessa mánaðar klukkan á 12. tímanum komu tveir af lögregluþjónum bæjarins inn á veitingahúsið Reykjavíkur Bar hér í bænum. Er lögregluþjónarnir höfðu dvalið stutta stund inni á veitingahúsinu, kom kærði þangað inn og hafði þá meðferðis tvær flöskur af portvíni. Þessar flöskur kveðst kærði hafa keypt í áfengisverzlun ríkisins nokkrum dögum áður en þetta gerðist, en geymt þær heima sjá sér þangað til fyrrgreindan dag, að hann klukkan 6 síðdegis fór að heiman. Tók hann þá flöskurnar með sér og fór svo rakleitt inn á fyrrgreint veitingahús, þar sem hann dvaldi inni til klukkan um 11 um kvöldið, er hann skrápp út, en kom svo inn á veitingahúsið aftur á þeim tíma, er fyrr greinir. Allan þann tíma, er kærði dvaldi á veitingahúsinu, kveðst hann hafa haft flöskurnar í vösum sínum, en þær voru óuppteknar, og staðhæfir kærði, að hann hafi ekki ætlað, að drekka úr þeim eða veita inni í veitingahúsinu, né heldur selja þær, heldur hafi hann haft þær með sér einvörðungu vegna þess, að hann hafði í hyggju að spila úti í bæ þetta kvöld og nota áfengi við það tækifæri. Þá hefir kærði undir rannsókn málsins ennfremur skýrt svo frá, að hann

hafi oft áður haft áfengi á sér, er hann hafi komið inn á fyrrgreint veitingahús, enda hafi hann talið það heimilt.

Kærði hefir í umdæminu sætt refsingu sem hér segir:

1) 10. febrúar 1919 var hann sektaður um 50 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykktinni.

2) 2. marz sama ár var hann sektaður um 300 krónur fyrir bannlagabrot.

3) 24. maí sama ár var hann sektaður um 400 krónur fyrir bannlagabrot.

4) 14. janúar 1921 var hann í hæstarétti dæmdur í 2½ árs betrunarhúsvinnu fyrir brot gegn 288. gr. sbr. 55. gr. og 46. gr. og 261. gr. sbr. 55. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

5) 24. janúar 1929 dæmdur í aukarétti Reykjavíkur í 14 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 250. gr. sbr. 249. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

6) 23. júlí 1929 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.

7) 5. júní 1930 dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 1000 króna sekt og 3 mánaða einfalt fangelsi fyrir ólöglega áfengissölu.

8) 5. júlí 1932 sektaður um 100 krónur fyrir ölvun og óspektir.

Ennfremur var kærði á Siglufirði hinn 19. ágúst 1931 dæmdur í 1000 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu, en hefir ekki oftast, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu.

Framangreint brot kærða varðar við 10. gr. reglugerðar nr. 108, frá 6. nóvember 1931, og þykir refsing hans samkvæmt 31. gr. áfengislaganna nr. 64, 1930, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.